**2023/EES/87/21**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 164/2023**

**frá 13. júní 2023**

**um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð ramkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/452 frá 15. mars 2021 um leiðréttingu á rúmensku tungumálaútgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 651/2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans ([1]).

2) XV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við á í lið 1j (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014) í XV. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 R 0452**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/452 frá 15. mars 2021 (Stjtíð. ESB L 89, 16.3.2021, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2021/452, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.

---

([1]) Stjtíð. ESB L 89, 16.3.2021, bls. 1.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.